



Loðnuveiðar hefjast á ný eftir tveggja ára hlé

Gefinn hefur verið út loðnukvóti upp á 61 þúsund tonn á núverandi vertíð og er þetta í fyrsta sinn síðan árið 2018 að veiða má loðnu hér við land. Enn verður haldið áfram að mæla stofninn og því ekki ólíklegt að þessari ráðgjöf verði breytt. Í þjóðhagsspá okkar frá því í október gerðum við ráð fyrir 100 þúsund tonna kvóta og verður hagvöxtur á þessu ári samkvæmt spá okkar því ögn lægri, að öðru óbreyttu.


Síðustu ár hefur staðan í loðnuveiðum verið mjög sérstök. Engar veiðar voru heimilaðar undanfarin tvö ár en frá árinu 1963, þegar loðnuveiðar hófust hér við land og til ársins 2018, hafði það aldrei gerst áður. Árið 2018 veiddu íslensk skip rúmlega 186 þúsund tonn. Loðnuveiði hefur farið minnkandi síðasta aldarfjórðunginn. Þegar mest var voru veiddar um 1,3 milljónir tonna árið 1997. Árin 2016-2018 voru veiðar á bilinu 101-197 þúsund tonn.

Hagvöxtur úr 3,4% niður í 3,3%


Í þjóðhagsspá okkar frá því í október gerðum við ráð fyrir að loðnuveiðar á þessu ári yrðu um 100 þúsund tonn og byggðum það á góðri nýliðun síðustu ára. Nú stefnir hins vegar í að veiðar verði minni og hagvöxtur sömuleiðis. Við spáðum 3,4% hagvexti á þessu ári í þjóðhagsspánni. Verði veiðar í samræmi við núverandi ráðgjöf fer vöxtur útflutnings samkvæmt spá okkar úr 7,4% niður í 7% og hagvöxtur úr 3,4% í 3,3%, að öðru óbreyttu.

Loðnan hefur verið annar mikilvægasti fiskistofninn

Loðnan hefur lengi verið einn mikilvægasti fiskistofninn hvað varðar útflutningsverðmæti. Á árabílinu 2012-2018 var útflutningsverðmæti loðnu það annað mesta á eftir útflutningsverðmæti þorsks. Ein undantekning varð árið 2014 þegar loðnan var í 4. sæti. Á þessu tímabili nam útflutningsverðmæti loðnu að meðaltali 23,4 mö.kr. Þar með er mikilvægi hennar ekki allt upp talið, því hún er einnig undirstöðufæðutegund þorsksins. Það er því mjög mikilvægt að stofninn verði áfram til staðar þó hann verði ekki nægilega stór svo hægt sé að heimila veiðar. Óvissan um loðnuveiðar á næstu árum er töluvert mikil sem m.a. má rekja til þess að



Heimild: Hagstofa Íslands



*Fyrstu 11 mánuðir ársins
Heimild: Hagstofa Íslands



göngumynstur loðnunnar hefur breyst á síðustu árum.


Mest af loðnuafurðunum fer til Noregs

Stærstur hluti loðnuafurða á síðustu árum hefur verið seldur til Noregs, en um 20% af öllum loðnuútflutningi á árabílinu 2016-2019 fór þangað. Allur útflutningur til Noregs á síðustu árum hefur verið í formi mjöls þar sem það hefur verið notað sem fóður í fiskeldi. Norðmenn hafa verið langstærsti kaupandi mjöls frá landinu á síðustu árum en að meðaltali fóru 59% af útflutningsverðmæti mjöls á árabílinu 2016-2019 til Noregs. Bretland kom þar næst á eftir með 14% og Danmörk með 13%.

Næststærsti kaupandi loðnuafurða á síðustu árum hefur verið Japan en þangað hefur mikið af hrognum verið flutt í gegnum tíðina. Um 12,4% af útflutningsverðmæti loðnu á síðustu árum hefur farið til Japans en þar er fyrst og fremst um að ræða frystar afurðir og þá aðallega hrogn. Japanir hafa verið stærstu kaupendur frystra loðnuafurða á síðustu árum.

Kína kemur í þriðja sæti sem stærsti kaupandi loðnuafurða frá Íslandi með 11% en afurðirnar sem Kínverjar kaupa eru svipaðar og þær sem Japanir kaupa, þ.e. frystar afurðir.

Útflutningsverðmæti loðnu eftir löndum



Meðaltal 2016-2019
Heimild: Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.